

6. stjórnarfundur

FORMA 2013 – 2014

Dags. 6/2 2014

Tími: kl. 17.00.

Staður: Kennarastofa

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Harpa Hjarðar, Helena Sigurðardóttir, Herdís Zophoníasdóttir, Jón Stefán Baldursson, Marías Kristjánsson og Þuríður Árnadóttir.

1. Þuríður sagði frá fundi sem hún fór á, fyrir okkar hönd, um vinnuþróingu og upplýsingatækni :
Mikil breyting er á tækjakosti nemenda s.l. 2-3 ár. Tæknin hefur áhrif á vinnufrið í kennslustundum og það vantar upp á að nemendur hlýði kennurum og sýni virðingu þegar þeir eru beðnir um að leggja tækin frá sér. Sumir kennarar hafa alfarið bannað síma í tímum. Í kennslustundum þar sem ekki eru notaðar tölvur hafa þær verið bannaðar. Þessi tækni hefur kosti og galla. Komið hefur fyrir að nemendur eru að taka myndir á símana sína og jafnvel upptökur og setja inn á netið. Þarna er farið langt yfir strikið. Mikilvægt er að kenna nemendum að nota tæknina til góðs. Helena segir að vandamálið felist í því að nemendum er ekki kennt að umgangast þessi tæki og sýna þeim virðingu. Foreldrar eru fyrirmyndir hvað þetta varðar. Það þarf að hafa skýrar reglur um notkun því kostirnir eru líka margir. Skólinn þarf líka að ákveða hvernig á að nota þessa tækni og fylgjast með því breytingar eru örar. Kennarar skólans hafa haldið fundi um þetta. Fulltrúar nemenda sitja fundina og nefnd á þeirra vegum hefur verið skipuð til að koma með tillögur að reglum um notkun og nýtingu tækninnar.
2. Herdís sagði frá því að Valgerður S. Bjarnadóttir hefur verið að vinna úr könnun sem gerð var meðal nemenda á upplifun þeirra, líðan, gengi o.fl. í skólanum. Hún stakk upp á að við myndum fá Valgerði á fund með okkur næst og verður stefnt að því.
3. Herdís sagði frá útkomu haustannarprófa. Talsvert fall var í 2. og 3. bekk. Meira fall er í 3. bekk nú en í fyrra en minna fall í 1. og 2. bekk. Mikill munur er á erfiðleikastigi í 1. bekk og 4. bekk annars vegar og 2. og 3. bekk hins vegar sem eru mikið erfiðari bekkir. Óeðlilegt fall varð í stærðfræði á 3. ári nú á miðjum vetri eða allt að 45%.
4. Helena segir frá máli þar sem kennari við MA birti á feisbókar síðu sinni athugasemd um hluta af niðurstöðum prófs sem hann var að fara yfir. Helena sendi skólameistara tölvupóst sem síðan ræddi við kennarann. Feisbókarfærslan var fjarlægð og afsökunarbeiðni sett inn í staðinn. Við teljum þetta vera brot á þagnar- og vammleysisskyldum auk siðaregla kennara og þar af leiðandi algjörlega óviðeigandi. Þetta snertir 1.dagskrárlið okkar og það að kennarar þurfa líka að hafa reglur varðandi notkun netmiðla.
5. Sigga Dögg í kynfræðslu fyrir 2. bekk. 7. bekkjardeildir eru nú í 2. bekk. Velgengisdagar eru í mars. Ekki eru til nægir peningar til að fá Siggu Dögg hingað en Eyrún ætlar að setja saman bréf til að sækja um styrk til Landsbankans. Okkur vantar 150 þús. Helena gerir kostnaðaráætlun.
Áhugi er á að fá Guðjón Hauksson til að tala við foreldra um netnotkun og tækni.

Stefnt er að næsta fundi 27.feb.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18.15

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.